

Viðtakandi: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra
Sendandi: Þórir Guðmundsson formaður Þróunarsamvinnunefndar
Dagsetning: 31. október, 2022
Efni: Fundur Þróunarsamvinnunefndar 21. október, 2022

Ágæta Þórdís Kolbrún,

Á fyrsta fundi Þróunarsamvinnunefndar eftir sumarhlé var helsta dagskrárefnið samtal við fulltrúa Þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD/DAC).

Á svörum við spurningum DAC-fulltrúa um sýn fulltrúa í nefndinni á þróun þróunarsamvinnu Íslands á næstu tíu árum komu meðal annars fram eftirfarandi skoðanir:

- **Áhersla á fátækustu löndin, konur og börn sé rétt** og þar sé árangur mestur.
- Tækifæri sé til að **nýta félagasamtök betur**, þar á meðal með því að tengja samtök með reynslu á vettvangi og fyrirtæki sem vilja vinna í fátækum löndum.
- Fjármagn til þróunarsamvinnu sé **enn langt frá 0,7% VPT**, sem að var stefnt.
- Leggja eigi **áherslu á árangursmælingar**.
- Styrkja þurfi **fræðslu til almennings** og þar geti félagasamtök gegnt hlutverki.
- Tryggja þurfi að **sérfræðingar í þróunarsamvinnu starfi að málaflokknum**.

Elín Rósa Sigurðardóttir nýr skrifstofustjóri Þróunarsamvinnu kynnti sig. Síðan skýrði Martin Eyjólfsson ráðuneytisstjóri nýtt skipurit ráðuneytisins. **Vel var tekið í breytingarnar.**

Minnt var á **hugmyndina um Team Iceland** í þróunarsamvinnu, sem var kynnt fyrir á árinu.


Í máli nefndarmanna kom fram tillaga um að fulltrúar í nefndinni ættu kost á að skoða verkefni Íslands á vettvangi. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem minnst er á þetta.

Ég legg til að ráðuneytið skoði **hvort möguleiki sé á að nefndarmenn fái tækifæri til að kynnast verkefnum í návígi**. Að mínu mati þarf að hafa eftirfarandi í huga í þessu sambandi:

- Ekki verði skipulagðar fjölmennar ferðir heldur fremur miðað við að dreifa þeim yfir kjörtímabil nefndarmanna.
- Áhersla verði á að þeir nefndarmenn sem ekki hafa reynslu af vettvangi þróunarsamvinnu fái tækifæri til að kynna sér hana.
- Í vettvangsferðum verði reynt að kynna sem flesta þætti þróunarsamvinnu Íslands svo sem verkefni í samstarfslöndum, á vegum félagasamtaka og stofnana Sp, marghliða starf, liðveislu (útsendir sérfræðingar), GRÓ-skólana osfrv.

Að lokum óska ég eftir þátttöku þinni á fundi okkar í desember (sem ekki hefur verið dagsettur), samanber ákvæði laga um að ráðherra sitji tvo fundi nefndarinnar á ári.

Með bestu kveðju,



Þórir Guðmundsson
formaður Þróunarsamvinnunefndar